

## Byggðamálaráð

### Fundargerð 20. fundar byggðamálaráðs Fundur haldinn í IRN 1. september 2022 kl. 13.00

#### Dagskrá:

1. Hlutverk og störf byggðamálaráðs
2. Samhæfing áætlana innviðaráðuneytis
3. Byggðaáætlun 2022-2036
4. Næsti fundur

**Mættir:** Guðveig Lind Eyglóardóttir formaður, Arnar Már Elíasson, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hólmfríður Sveinsdóttir og Karl Björnsson. Auk þeirra sat Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri fundinn. Hólmfríður ritaði fundargerð.

Fundarmenn kynntu sig og formaður setti fundinn.

#### Umfjöllun og afgreiðsla:

##### 1. Hlutverk og störf byggðamálaráðs

Farið var yfir sögu og starfsemi byggðamálaráðs. Ráðið var fyrst sett á laggirnar haustið 2018 eftir samþykkt Alþingis á lögum nr. 52/2018 um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála. Lögbundið hlutverk byggðamálaráðs snýr fyrst og fremst að gera tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og fimm ára aðgerðaáætlun, að fengnum áherslum ráðherra.

Í júní sl. samþykkti Alþingi stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 og fimm ára aðgerðaáætlun, 2022-2026. Rætt var um að verkefni byggðamálaráðs til að byrja með fælist m.a. í því að fylgjast með framkvæmd byggðaáætlunar í heild sinni, sem og einstökum aðgerðum eftir atvikum. Sem dæmi um einstakar aðgerðir sem ráðið hefði hug á að kynna sér sérstaklega eru aðgerðirnar *Brothættar byggðir* (C.2), *Óstaðbundin störf* (B.7) og *Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis* (A.15). Fram kom að stjórn Byggðastofnunar mun halda tvo af reglubundnum fundum sínum í tveimur af skilgreindum brothættum byggðum veturinn 2022-2023. Ákveðið að skoða möguleika á að byggðamálaráð fundaði á sama tíma og sama stað og myndi auk þess funda með stjórn Byggðastofnunar og fá kynningu á verkefninu *Brothættar byggðir*.

Þá var rætt um hvort ráðið gæti stuðlað að hönnun e.k. „byggðagleraugna“ sem gagnast gætu byggðaþróun líkt og sérstök „kynjagleraugu“ hafa gagnast í jafnréttis- og kynjamálum.

Fyrir næsta fund munu drög að starfsáætlun og áherslur ráðherra liggja fyrir.

##### 2. Samhæfing áætlana innviðaráðuneytis

Í innviðaráðuneytinu er lögð áhersla á samhæfingu áætlana, þ.e. áætlana og stefna á sviði byggða-, húsnæðis-, samgöngu-, skipulags- og sveitarstjórnamála. Allar áætlanirnar eru settar fram með sameiginlegri framtíðarsýn og meginmarkmiðum og vinna verkefnisstjórar áætlana náið saman. Að auki er lögð áhersla á að samhæfa byggðaáætlun annarri opinberri stefnumótun.

Greint var frá því að ráðherra hefur áform um að leggja fram frumvarp til laga á komandi þingi um stefnumarkandi áætlanir á sviði samganga-, húsnæðis-, skipulags- og byggðamála. Markmiðið er að ná

## Byggðamálaráð

aukunum árangri og hafa jákvæð áhrif á samfélagið allt með því að efla og samhæfa stefnumótun og áætlanagerð.

### 3. Byggðaáætlun 2022-2036

Greint var frá vinnu við mótun stefnumarkandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 og fimm ára aðgerðaáætlunar. Farið var yfir lykilviðfangsefni áætlunarinnar, markmið, áherslur og aðgerðir.

### 4. Næsti fundur

Næsti fundur verður fimmtudaginn 6. október kl. 13.00-14.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.20.